



AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Skipulagslýsing – efnistökusvæði í Haga 2

26.06.2023



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103244-01-LYS-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Brynja Rán Egilsdóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	4
3.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	5
3.2.1	Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
3.3	Minjar	6
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	6
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
5.1	Valkostir	6
5.2	Umhverfispættir og áherslur	6
5.3	Helstu umhverfisáhrif	7
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	7
6.1	Umsagnaraðilar við skipulagslýsingu og aðalskipulagsbreytingu	7
6.2	Skipulagsferlið	8

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Með breytingu á aðalskipulagi verður sett inn ný náma í landi Haga 2, á svæði þar sem landeigandi hefur tekið lítilsháttar af efni til eigin nota. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Markmið með breytingunni er að heimila allt að 45 þús. m³ efnistöku á um 1,5 ha svæði.

1.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landeigandi hefur tekið efni til eigin nota á hluta svæðisins, sem er skammt norðan við bæjartorfunu á Haga. Fyrirhuguð er áframhaldandi efnistaka, bæði til eigin nota og jafnvel til vegagerðar eða annarra nota eftir þörfum. Efnistakan er á flata í brekkunni skammt norðan við bæina og hallar landinu til suðurs. Undir grassverði er að finna ca 2 m þykkt lag af góðri möl sem getur hvort sem er nýst til vegagerðar eða annarra framkvæmda. Fyrir þó nokkrum árum féll skriða á svæðinu en það hefur að mestu leyti náð að gróa upp síðan.

Svæðið sem efnistökusvæðið kemur til með að ná yfir er grasi gróið og skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar er að finna eftirtaldar vistgerðir: Grasengjavist, língresis- og vingulsvist, hraungambravist, snarrótarvist, sem allar eru með hátt verndargildi og fremur útbreiddar og víðimelavist sem hefur lágt verndargildi.

Á efnistökusvæðinu og í nágrenni þess er ekki að finna náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli

Í landsskipulagsstefnu kemur fram að fyrir skipulag í dreifbýli þá skuli skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands, til landbúnaðar og annarrar nýtingar, byggjast á flokkun landbúnaðarlands.

3.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029


Svæðið sem breytingin nær yfir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og í flokkun landbúnaðarlands fellur það í flokk IV, eða lakasta landið til ræktunar. Norðan við bæjartorfuna í Haga er vatnsból og vatnsverndarsvæði. Fyrirhugað efnistökusvæði er utan vatnsverndarsvæða.

Stefna fyrir landbúnaðarsvæði

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verða áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.

Stefna fyrir efnistökusvæði

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.
- Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.



MYND 1. Hluti af Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Efnistökusvæðið er fyrirhugað innan gula hringsins.

3.2.1 Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Vegna halla lands þá er landið ekki heppilegt til ræktunar en getur nýst til beitar. Svæðið nýtur heldur ekki verndar og er því talið heppilegt til efnistöku, og hefur landeigandi tekið efni þar til eigin nota. Breytingin er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu og stefnu í aðalskipulagi.

3.3 Minjar

Unnið er að aðalskráningu minja í sveitarfélaginu. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Um 1,5 ha landbúnaðarsvæði verður breytt í efnistökusvæði þar sem heimilt verður á skipulagstímanum að vinna allt að 45.000 m³ af efni. Vegna nálægðar við bæjartorfu Haga þá verður við vinnslu aðalskipulagsbreytingar skoðað hvort koma megi við tímabundinni aðkomu af Þjórsárdalsvegi sem eingöngu yrði nýtt í tengslum við námuvinnsluna.

Gerð verður breyting á greinargerð og skipulagsupprætti.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Mat á áhrifum nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða með mótvægisáðgerðum.

5.1 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag. Þ.e. að um 1,5 ha landbúnaðarsvæðis verði breytt í efnistökusvæði með heimild fyrir um 45.000 m³ efnistöku.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með breytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, viðmið og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i>	Stefna í aðalskipulagi.	Hefur stefnan áhrif á landslag?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<i>Jarðmyndanir. Ásýnd og yfirbragð.</i>	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. 	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra? Hefur stefnan áhrif á ræktunarmöguleika ?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði. Umferðaröryggi.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. 	Er hætta á mengun, hávaða eða ónæði vegna stefnu skipulagsins?
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja. 	Hefur stefnan áhrif á minjar?

5.3 Helstu umhverfisáhrif

Efnistökusvæðið er á flata í hlíðinni fyrir ofan bæjartorfuna í Haga. Efnistökusvæðið verður lítt eða ekki sýnilegt frá bæjartorfunni og ef ekið er um Þjórsárdalsveg. Engar þekktar jarðmyndanir er að finna. Nokkar vistgerðir með hátt verndargildi finnast en þær eru útbreiddar. Helst er að íbúar í Haga verði fyrir ónæði af efnistökkunni. Þess vegna verður við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar skoðað hvort hægt sé að vera með tímabundna aðkomu að Þjórsárdalsvegi meðan á nýtingu námunnar stefndur, svo ekki þurfi að aka um bæjarhlaðið.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafest.

6.1 Umsagnaraðilar við skipulagslýsingu og aðalskipulagsbreytingu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

6.2 Skipulagsferlið

